

41. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

42. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitar-sjóðsins, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefndinni. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

43. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 42. gr.

44. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðsins, og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn sveitarfélagsins skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Árneshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. desember 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

*Sesselja Árnadóttir.***REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 359/1998 um bifreiðagjald.**

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili er 6,00 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, 8,10 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það að 3.000 kg, en 2.000 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en 3.000 kr. og ekki hærra en 36.200 kr. á hverju gjaldtímabili.

2. gr.

D - liður 5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Bifreiðar þegar skráningarkerki hafa verið afhent skráningaraðila til varðveislu í minnst 15 daga samfellt. Undanþága þessi miðast við dagsetningu innlagnar skráningarkerkja. Jafnframt er innheimtumönnum ríkissjóðs heimilt að fella niður bifreiðagjald af ónýtum bifreiðum sem sannanlega hafa ekki verið í notkun á gjaldtímabilinu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 39/1988 um bifreiðagjald, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Fjármálaráðuneytinu, 28. desember 1998.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Tómas N. Möller.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Samgönguminjasafnið Ystafelli.

1. gr.

Samgönguminjasafnið Ystafelli er stofnað af hjónunum Ingólfi Kristjánssyni, kt. 270921-2489 og Kristbjörgu Jónsdóttur, kt. 080619-2199, Ystafelli III, Ljósavatnshreppi.

2. gr.

Samgönguminjasafnið er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðan fjárhag. Lögheimili stofnunarinnar er að Ystafelli III í Ljósavatnshreppi.

3. gr.

Eignir stofnunarinnar eru:

- A. Fjárhús, fjós og hlaða á jörðinni Ystafelli III, Ljósavatnshreppi.
- B. Landspilda úr sömu jörð samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.
- C. Safngripir.

Stofnfé stofnunarinnar eru þær eignir sem tilgreindar eru í liðum A og B og er óheimilt að skerða þær.

4. gr.

Stjórn safnsins er skipuð þremur mönnum: Ingólfi Kristjánssyni, Ara Ingólfssyni og Sverri Ingólfssyni. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Verði sæti stjórnarmanns autt, vegna þess að hann óskar að ganga úr stjórninni, eða vegna andláts, fyllir stjórnin sjálf í skarðið með því að skipa í sæti það sem laust hefur orðið nýjan stjórnarmann.

5. gr.

Stjórn Samgönguminjasafnsins ræður forstöðumann safnsins, en hann ræður aðra starfsmenn.